


ALDARÁRTÍÐ GUÐBRANDS

Í tilefni af aldarhátíð Guðbrands Vigfússonar verður efnt til sýningar á helstu verkum hans í Landsbókasafni Íslands.

Þá hafa Háskóli Íslands og Landsbókasafn boðið dr. Benedikt Benedikz bókaverði við Háskólabókasafnið í Birmingham til Íslands, og mun hann flytja fyrirlestur um Guðbrand Vigfússon í boði heimspekideildar Háskólans á ártíðardaginn, þriðjudaginn 31. janúar kl. 17.15 í stofu 101 í Lögbergi.

Fyrirlesturinn verður fluttur á íslensku, og er öllum heimill aðgangur.

Dr. Benedikt Benedikz hefur kynnt sér Guðbrand Vigfússon sérstaklega og þá ekki síst ævi hans og störf á Englandi. Af verkum Benedikts má nefna þýðingu, er hann gerði ásamt John McKinnell á Völuspárútgáfu Sigurðar Nordals, er út kom í Durham 1978, en Benedikt var þá bókavörður við Háskólabókasafnið þar. Á sama ári kom út á vegum Cambridge University Press rit hans um Væringja, The Varingians og Byzantioum, er reist var á Væringjasögu Sigfúsar Blöndals.

Benedikt annast nú um sérsöfn (Special Collections) Háskólabókasafnsins í Birmingham.

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs

Verðlaunin veitt í dag

Á fundi dómnefndar um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í dag verður tekin ákvörðun um það, hver hljóti bókmenntaverðlaunin árið 1989 og verður sú ákvörðun kynnt á fréttamannafundi í danska þinghúsinu, Christiansborg, kl. 12 að dönskum tíma. Af hálfu Íslands sitja rithöfundarnir Jóhann Hjálmarsson og Sveinn Einarsson í dómnefndinni en af Íslands hálfu voru tilnefnd verkin „Dagur vonar" eftir Birgi Sigurðsson og „Tengsl" eftir Stefán Hörð Grímsson.

Verðlaunin, sem eru 150.000 danskar krónur, verða nú veitt í 28. sinn. Þau verða afhent við hátíðlega athöfn í tengslum við 37. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 28. febrúar nk.

Þorsteinsvaka í Kópavogi

Lista- og menningarráð Kópavogs heldur Þorsteinsvöku, dagskrá um Þorstein Valdimarsson skáld, sunnudaginn 29. janúar 1989 kl. 20.30 í Félagsheimili Kópavogs að Fannborg 2. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.

Helstu dagskrárliðir eru þeir, að Eysteinn Þorvaldsson bókmenntafræðingur fjallar um skáldskap Þorsteins og félagar úr Leikfélagi Kópavogs flytja samfellda dagskrá úr ljóðum hans og limrum undir stjórn Guðrúnar Þ. Stephensen. Einnig verður sungin fjölbreytt tónlist við ljóð skáldsins eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Martin Hunger Friðriksson, Marianne Meystre og Jón S. Jónsson. Flytjendur eru Elísabet Erlingsdóttir við undirleik Kristins Gestssonar, skólakór Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur og Samkór Kópavogs, sem Stefán Guðmundsson stjórnar.

Þorsteinn Valdimarsson var fæddur 31. október 1918 að Brunahvammi í Vopnafirði, en lést 7. ágúst 1977, 59 ára að aldri. Hann var guðfræðingur að mennt, en stundaði einnig tónlistarnám bæði hér heima og erlendis. Aðalstarf hans var lengst af kennsla við Menntaskólann í Reykjavík og Styrimannaskólann, en einnig fékkst hann mikið við þýðingar á söngtextum og óperum. Eftir hann liggja átta ljóðabækur: Villta vor (1942), Hrafnamál (1952), Heimhvörf (1957), Heiðnuvötn (1975) og loks Smalavísur sem kom út í október 1977, tveimur mánuðum eftir andlát skáldsins.

Þorsteinn Valdimarsson bjó í Kópavogi um tveggja áratuga skeið og setti svip sinn á menningarlíf bæjarins. Hann hefði orðið sjötugur síðastliðið haust og í tilefni af því heldur Lista- og menningarráð Kópavogs Þorsteinsvöku til að heiðra minningu hans.

FRÉTTASKÝRING

INGIBJÖRG ÁRNADÓTTIR SKRIFAR

Helmuth Schmidt 70 ára og Willy Brandt 75 ára

STÓRAFMÆLI TVEGGJA FYRRVERANDI KANSLARA

Willi Brandt og Helmut Schmidt, báðir fyrrverandi kanslarar í V-Þýskalandi, teljast óneitanlega til áhrifamestu stjórnmálamanna þar í landi undanfarna áratugi.

Willi Brandt varð 75 ára þ. 18. desember sl. Hann var kanslari í V-Þýskalandi frá 1969-1974. Eftirmaður hans, Helmut Schmidt varð 70 ára þ. 23. desember. Hann var kanslari frá 1974-1982. Brandt og Schmidt eru báðir í flokki þýskra jafnaðarmanna og voru við völd samanlagt í rúm 13 ár. Að mati fréttaskýrenda í Þýskalandi og öðrum ríkjum, hafa þeir skapað sér sérstakan sess, í tiltölulega ungri sögu Sambandslýðveldisins.

„OSTPOLITIK"

Willy Brandt, var aðalborgarstjóri í Berlín frá 1957 til ársins 1966. Hann var aðstoðar-kanslari í Bonn frá 1966-1969. Sem fyrsti kanslari samsteypustjórnarinnar í Bonn, kom hann á ýmsum þjóðfélagsbreytingum til hins betra í heimalandi sínu. Honum þótti takast sérstaklega vel til, þegar honum tókst, þrátt fyrir töluverðan mótbyr, að koma á tiltölulega eðlilegu sambandi milli V-Þýskalands annars vegar og Sovétríkjanna og annarra ríkja í Austur-Evrópu hins vegar, með því sem kallað var „Ostpolitik".

Eftirmanni Willy Brandt, Helmut Schmidt tókst, þrátt fyrir að aðstæður í V-Þýskalandi færu versnandi, frá árinu 1974, að stjórna landinu á farsælan hátt, gegnum afleið-

Kjarvalsstaðir

Sýning á teikningum Kristjáns Guðmundssonar

Laugardaginn 28. janúar n.k. opnar að Kjarvalsstöðum sýning á verkum eftir Kristján Guðmundsson, sem ber yfirskriftina „Teikningar 1972-1988".

Kristján var á sínum tíma einn helsti fulltrúi SÚM-hópsins og einna fyrstur til að tileinka sér myndmál og aðferðir konseptlistarinnar í byrjun 8. áratugarins. Konseptlist Kristjáns hefur ávallt verið með einkar fræðilegu sniði og stuðst við skýrar og afgerandi forsendur. Allt frá upphafi virðist list Kristjáns Guðmundssonar fjalla um listina með stóru L-i, hvort sem það er með jákvæðum eða neikvæðum formerkjum. Í fyrri verkum listamannsins miðast allt við að gera listina ekki list í hefðbundnum skilningi, heldur hefta hana og loka frá allri löngun, ímyndun og hillingum, sem annars gæfu henni vængi. Verkin voru lokuð utan um eigin kenningar og klifun. Á síðustu árum hefur Kristján hins vegar opnað fyrir þátttöku áhorfandans í verkum sínum, líkt og fleiri konseptlistamenn áttunda áratugarins, og boðið honum að njóta fagurfræðilegra unaðsemda myndverksins. Merkingarkjarnanum hefur verið sundrað og í stað hans er komið, svo að notuð séu orð listamannsins sjálfs, „buðrarafl hráefnisins — staðbundinn orka þess".

Sýning Kristjáns að Kjarvalsstöðum er opin daglega frá kl. 11.00 til kl. 18.00 og stendur til 12. febrúar.

Gömlu meistararnir í Listasafni Íslands

Í Listasafni Íslands standa nú yfir sýningar á íslenskum verkum í eigu safnsins.

Í sal 1 eru kynnt verk Jóhannesar Kjarvals, Jóns Stefánssonar og Gunnlaugs Schevings. Landslagsmálverk Þórarins B. Þorlákssonar og Ásgríms Jónssonar eru sýnd í sal 2.


Á efri hæð safnsins eru sýnd ný aðföng, málverk og skúlptúrar eftir íslenska listamenn. Leiðsögn um sýningar í húsinu í fylgt sérfræðings fer fram á sunnudögum kl. 15 og eru auglýstar leiðsagnir ókeypis.

Leiðsögnin „Mynd mánaðarins" fer fram á fimmtudögum kl. 13.30. Mynd janúarmánaðar er „Hjartað" eftir Jón Gunnar Árnason. Listasafn Íslands er opið alla daga, nema mánudaga kl. 11-17 og er aðgangur ókeypis. Veitingastofa hússins er opin á sama tíma.

„STEINN OG STÁL"

Grímur M. Steindórsson heldur sýningu í Listastofu Bókasafns Kópavogs 20. jan.-28. feb. 1989. Á sýningunni eru 20 verk, sem unnin eru á síðustu 2 árum og hafa ekki áður komið fyrir almenningssjónir. Þau eru úr stáli og steini, bæði vegg- og standmyndir.

Grímur M. Steindórsson hefur fengist við myndlist frá unga aldri, sótt námskeið í Myndlistaskóla Reykjavíkur og meðal annars notið handleiðslu Ásmundar Sveinssonar, Kjartans Guðjónssonar og Þorvaldar Skúlasonar.



Sum myndverk Halldórs Ásgeirssonar eru samsett úr ólíkum efnum og spanna bæði vegg og gólf.

Halldór Ásgeirsson sýnir á Kjarvalsstöðum

Halldór Ásgeirsson, myndlistarmaður, opnar einkasýningu í Austursal og á gangi Kjarvalsstaða á laugardag.

Myndlist Halldórs byggist á sjónrænu hugarflæði sem hann skráir ósjálfrátt niður. Efniviðurinn er tekinn úr umhverfi og lífsreynslu listamannsins hverju sinni og eru m.a. ferðalög ríkur þáttur í hinni sjónrænu upplifun hvort sem auga og penni ferðist um óbyggðir Íslands eða sigli upp ána Níl. — Þegar kemur að úrvinnslu hugmyndanna staldarar Halldór við, ígrundar efni og form gaumgæfilega þar til teikningarnar sem hann skeytir saman á ólíkan hátt falla inn í efnið. Verkin eru máluð á pappír eða léreft, skorin út eða höggvin í tré, þar finnast bein og sviðin hurð, svart flauel og brotin gler o.fl. Sum myndverkin eru samsett úr ólíkum efnum og spanna bæði vegg og gólf.

„Sögusmiðurinn" er mættur í salinn þakinn myndum og frásögnum úr undirheimum, þetta eru hugarbrot og örstutt ljóð úr draumi og veruleika sem áhrofendum ber að túlka að eigin vild.

Halldór Ásgeirsson er fæddur 1956 og nam myndlist við Parísarháskóla nr. 8 á árunum 1977-80 og 1983-86. Þetta er 6. einkasýning Halldórs á Íslandi en hann hefur sýnt og starfað að myndlist undanfarin ár bæði heima og erlendis.